
ÆGISBORG – MAT Á LEIKSKÓLASTARFI



Júlí 2014

Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar

Ritun skýrslu og fylgiskjala:

Berglind Hansen

Ingibjörg M. Gunnlaugsdóttir

Kristín Hildur Ólafsdóttir

Kristín Sæmundsdóttir

Sigrún Einarsdóttir

Sigríður Marteinsdóttir

INNGANGUR	4
LEIKSKÓLINN ÆGISBORG	4
GREINING	5
FRAMÚRSKARANDI VERKLAG	5
ÞAÐ SEM VEL ER GERT	5
TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA	5

INNGANGUR

Í skýrslu þessari er greint frá niðurstöðum mats á leikskólanum Ægisborg sem fram fór í maí 2014. Matið var framkvæmt af starfsfólki skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

Meginstef ytra mats á leikskólum er það sama og á öðrum stofnunum skóla- og frístundasviði, að matið sé leiðbeinandi, framfara- og umbótamiðað og stuðli að betra skóla- og frístundastarfi.

Leiðarljós matsins er það sama og sviðsins í heild; að börnum og ungmennum í borginni líði vel, fari stöðugt fram og þau öðlist uppeldi og menntun fyrir líf og starf.

Til grundvallar matinu eru viðmið um gæði á fimm sviðum leikskólastarfs:

- I. Stjórnun
- II. Uppeldis- og menntastarf
- III. Mannauður
- IV. Leikskólabragur
- V. Innra mat

Með því að hafa skýr viðmið er leitast við að tryggja, að svo miklu leyti sem slíkt er unnt, að allir leikskólar fái sambærilegt ytra mat. Einnig er gert ráð fyrir að viðmiðin og önnur matsgögn nýtist leikskólum við innra mat.

Matið fór fram í maí 2014 og átti gagnaöflun í leikskólanum sér stað 20.-26. maí. Matið byggir á gögnum leikskólans, viðtölum og rýnihópum starfsfólks, foreldra og barna, svörum við foreldrakönnun, starfsmannakönnun og vettvangsathugunum á öllum deildum leikskólans.

LEIKSKÓLINN ÆGISBORG

Leikskólinn Ægisborg tók til starfa í janúar 1982 og er staðsettur við Ægissíðu 104 í Reykjavík.

Leikskólastjóri er Sigrún Birgisdóttir og aðstoðarleikskólastjóri Ásmundur K. Örnólfsson.

Í leikskólanum voru 86 börn í maí 2014 sem skiptast á fjórar deildir. Í Koti og á Fjörudeild eru yngstu börnin 2-3 ára, á Bárudeild eru 3-4 ára börn og á Öldudeild eru 4-5 ára börn.

FRAMÚRSKARANDI VERKLAG

Stjórnunarhættir einkennast af jákvæðni og yfirvegum, gagnkvæmu trausti og trú á getu starfsfólks og barna. Markvisst er unnið að eflingu læsis í víðum skilningi sem fléttast inn í allt leikskólastarfið. Markvisst er unnið með heimamenningu barna með fjölbreyttum leiðum sem tengja saman fjölskyldur og leikskóla.

ÞAÐ SEM VEL ER GERT

Stefna leikskólans er skýrt fram sett og áhersla er lögð á leik, hreyfingu og læsi. Leikskólastjóri leiðir leikskólastarfið og er faglegur stjórnandi. Hún leggur áherslu á samskipti við starfsfólk, börn og foreldra. Samstarf starfsfólks einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og uppbyggilegum samskiptum. Sameiginleg sýn allra starfsmanna á uppeldi og menntun barnanna birtist í viðhorfum, samskiptum og starfsháttum. Fagleg þekking starfsfólks leiðir til þess að börnin fá að njóta sín í leikskólastarfinu. Vel er staðið að stuðning við börn með sérþarfir og fjölbreyttar leiðir nýttar til samskipta við foreldra.

Námsumhverfið styður við máltöku og málþroska barna og unnið er markvisst að eflingu læsis. Börnin hafa áhrif á viðfangsefni í skipulögðum stundum og frjálsum leik og markvisst er leitað eftir hugmyndum þeirra. Þeim líður vel í leikskólanum og eru áhugasöm. Foreldrar eru ánægðir með áherslur í stefnu leikskólans og samskipti við starfsfólk. Framkvæmd innra mats er samstarfsverkefni þeirra sem í leikskólanum starfa. Mat og ígrundun á eigin starfsháttum fer fram reglulega.

TÆKIFÆRI TIL UMBÓTA

Stjórnendur¹ móti áætlun um mat á námi og framförum barna og sjái til þess að það sé reglulegur hluti af leikskólastarfinu. Stjórnendateymi² fylgi eftir að samningsbundnir undirbúningstímar séu nýttir. Stjórnendur, ásamt deildarstjórum yngri deilda, endurskoði og samræmi áherslur deildanna. Auka þátttöku barna í ákvörðunum varðandi útivist og bókakost og gefa þeim kost á að setja sér markmið og koma með tillögum að leiðum í eigin námi.

Stjórnendur komi á föstum deildarfundum. Sjá til þess að áherslur í foreldrasamstarfi birtist á heimasíðu og í gögnum leikskólans. Sjá til þess að leiðbeiningum SFS um foreldraráð sé fylgt eftir. Birta áætlun um mat á skólaárinu og tilgreina hvenær og hvernig eigi að meta. Auka aðkomu foreldraráðs í að ákveða áherslur og forgangsröðun í innra mati. Tímasetja umbótaáætlun, tilgreina hvenær og hvernig á að meta árangur aðgerða og tryggja að umbótum sé kerfisbundið fylgt eftir. Nýta betur hugmyndir barna í mati á leikskólastarfi og setja í umbótaáætlun.

¹Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.

²Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og sérkennslustjóri